

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 39/1970 um veitingu
lækningaleyfis og sérfræðileyfa.**

1. gr.

4. gr. XVI. 1. orðist svo:

1. Veita má einum og sama lækni sérfræðileyfi í barnalækningum og einni hliðargrein þeirra, þar með taldar barnageðlækningar, Skilyrði eru tími í aðalgrein, skv. II, 1, a, b og c og hliðargrein skv. II, 2, c og þar að auki tími skv. II, 2, d.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. mars 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

31. mars 1980.

Nr. 209.

SAMÞYKKT**fyrir Veiðifélag Staðarár og Hagavatns.**

1. Félagið heitir Veiðifélag Staðarár og Hagavatns. Heimili þess og varnarþing er á Neðrahóli í Staðarsveit.
2. Félagið nær til allra jarða sem land eiga að vatnasvæði Staðarár og Hagavatns, en þær eru: Ytra-Lágafell, Elliði, Bergsholt, Brautarholt, Furubrekka, Foss, Ölkelda, Ölkelda II, Alftavatn, Lindarbrekka, Efrihóll, Slítandastaðir (tvíþýli), (sumarbústaðir í landi Ölkeldu), Krossar, Arnartunga, Staðastaður, Traðir, Glaumbær, Neðrihóll, Syðritunga, Ytritunga, Kirkjuhóll, Hagi, Hagasel og Þorgeirsfell.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur samþykkir. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu nema sérstök forföll hamli eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfund skal halda í október eða nóvembermánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er starfsárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. mars 1980.

Pálmi Jónsson.

Ragnheiður Árnadóttir

Nr. 210.

12. mars 1980.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjahlíðarhverfi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum sveitarstjórnar Skútustaðahrepps, Suður-Þingeyjarsýslu, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Reykjahlíðarhverfi:

1. Umferð um Hlíðarveg milli Múlavegar og Norðurlandsvegjar skal njóta forgangs fyrir umferð um aðliggjandi íbúðargötu (biðskylda). Við allar greindar íbúðargötur skal setja merki, er tákna botngötur.
2. Umferð um Norðurlandsveg skal njóta forgangs fyrir umferð um Múlaveg (biðskylda).

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Sýslumaður Þingeyjarsýslu, 12. mars 1980.

Sig. Gizurarson.

Nr. 211.

21. mars 1980.

SAMÞYKKT

um hundahald í Egilsstaðahreppi.

Hundahald í Egilsstaðahreppi sæti eftirfarandi takmörkunum:

- a) Eigandi skal án tafar láta skrá hund sinn á hreppsskrifstofu. Við skráningu fær eigandi hunds afhenta merkta plötu til að festa á ól, sem ætíð skal vera um háls hundsins. Við skráningu skal hund eigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar eins og hún er nú og síðar kann að verða breytt.